



ÁRSSKÝRSLA

2017




**Þekkingarsetur
Vestmannaeyja**

RANNSÓKNIR • MENNTUN • NÝSKÖPUN

Efnisyfirlit

Skýrslur stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Skýrsla stjórnar	3
Skýrsla framkvæmdastjóra	4
Starfsemin 2017-2018	5
Skipurit	5
Kjarnasvið	6
Stoðsvið	6
Safnasvið.....	11
Lokaorð.....	16



Skýrslur stjórnar og framkvæmdastjóra

Skýrsla stjórnar

Í stjórn Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses á starfsárinu 2017-2018 sitja Elliði Vignisson, form., Arnar Sigurmundsson, varaform., Páll Guðmundsson, Thelma Hrund Kristjánsdóttir, Sveinn Margeirsson, Sigurður Guðjónsson og Sæunn Stefánsdóttir.

Í framkvæmdastjórn ÞSV sitja Elliði Vignisson, form., Arnar Sigurmundsson, varaform. og Páll Marvin Jónsson framkvæmdastjóri.

Á starfsárinu voru haldnir fjórir formlegir stjórnarfundir auk fjölmargra vinnufunda framkvæmdastjórnar.

Helstu verkefni stjórnar og framkvæmdastjórnar auk þess sem varðar fjölþætta starfsemi ÞSV snéru að framkvæmdum á annarri hæð á Ægisgötu 2 - vesturhúsi Fiskiðjunnar. Langþráðu takmarki í húsnæðismálum hefur loks verið náð og var nýtt húsnæði vígt 26. janúar 2018. Lagt var af stað í þessa vegferð fyrir tæpum áratug með þau markmið að útbúa fyrirmyndar aðstöðu fyrir starfsemi Þekkingarsetursins, samstarfsfyrirtækja og stofnana sem starfa undir sama þaki.

Segja má að verkefnið hafi tekið nokkrar beygjur frá því undirbúningur hófst en útkoman og skipulag að Ægisgötu 2 er til fyrirmyndar og umfram væntingar. Húsnæðið sem er liðlega 1000 fermetrar á einni hæð er rúmgott og bjart en jafnframt praktísk og án óþarfa íburðar. Vinnuumhverfið og starfsandinn, sem var góður fyrir hefur tekið stakkaskiptum frá því sem var í eldra húsnæði að Strandvegi 50. Vestmannaeyjabær eru eigandi húsnæðisins á 2. hæð Ægisgötu og kostar allar framkvæmdir á hæðinni. Þekkingarsetur Vm. gerði 25 ára leigusamning við Vestmannaeyjabæ og tók hann gildi um miðjan janúar 2018. ÞSV framleigir síðan miðstórt húsrými á hæðinni til 12 aðila auk þess að sjá um rekstur húsnæðisins og annast sameiginlega og sértæka þjónustu.

Með nýju húsnæði skapast fleiri möguleikar til að efla hverskonar starfsemi er varðar samstarf fyrirtækja, jafnt á sviði framhaldsfræðslu og háskólamenntunar og hverskonar frumkvöðlastarfs í Vestmannaeyjum.

Elliði Vignisson, formaður stjórnar

Skýrsla framkvæmdastjóra

Starfsemi Þekkingarsetursins hefur tekið töluverðum breytingum á undanförunum árum með tilkomu þjónustusamninga við bæði Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga um atvinnumál og Vestmannaeyjabæ um ferðamál og rekstur safna. Samhliða verkefnum í tengslum við viðkomandi þjónustu samninga má segja stóra verkefnið á árinu hafi verið framkæmdir á annari hæð Ægisgötu 2. Húsnæðið var síðan tekin í notkun í byrjun árs 2018 og formleg opnun haldin þann 26. janúar 2018.

Þessi nýja aðstaða Þekkingarseturs Vestmannaeyja hefur að mati undirritaðs tekist mjög vel og ber að þakka öllum þeim sem komu að verkinu. Öll aðstaða hefur tekið stakkaskiptum, hvort sem um ræðir, fyrirlestrarsali, fundaraðstöðu, skrifstofuaðstöðu eða rannsóknarstofur. Það er ljóst að í þessu felast tækifæri í eflingu starfseminnar, ekki bara Þekkingarsetursins heldur allra þeirra tólf aðila sem starfa innan veggja þess.

Það er ánægjulegt að segja frá því að fleiri aðilar hafa sýnt þessari aðstöðu áhuga og hefðum við hugsanlega getað leigt út og fyllt aðra hæð áþekka og þessa með aðilum sem eru ýmist í einhverskonar fjarvinnu eða aðilum sem þurfa ekki stórt skrifstofurými en geta þá nýtt sameiginlega aðstöðu og stoðþjónustu.

Rekstur safnanna gekk vel en aðsókn drógst þó örlítið saman frá því sem var árið 2016 en þá voru í raun öll met slegin. Töluverðar breytingar eru væntanlegar hvað varðar Sæheima, fiskasafn en Þekkingarsetrið, í samstarfi við Vestmannaeyjabæ og fyrirtækið Merlin Entertainments, hefur allt frá því snemma árs 2016 verið að skoða þann möguleika að útbúa griðarstað fyrir Mjaldra í Klettsvík. Mjaldrarnir eru staðsettir í Skemmtigarði í Shanghai og í eigu Merlin. Verkefnið snýr fyrst og fremst um velferð dýranna og er ætlunin að koma þeim fyrir í Klettsvíkinni þar sem þeim verður haldið og mun ferðamönnum gefast tækifæri á að skoða þá þar við eins náttúrlegar aðstæður og völ er á. Samhliða þessu mun Merlin undir nafninu Sea Life Trust Fund byggja og reka nýtt fiskasafn á jarðhæðinni að Ægisgötu 2 og reisa mjaldra laug í viðbyggingu sunnan við Ægisgötu 2 en laugina á að nota til að hægt sé að taka mjaldrana inn þegar veður taka að versna yfir há veturinn.

Sea Life Trust verður þá hluti af þekkingarseturs samfélaginu en Þekkingarsetrið mun hætta rekstri fiskasafnis að Heiðarvegi 12. Framkvæmdir eru þegar hafnar á lauginni fyrir hvíthvelina og stefnt er að því að aðstaðan verði tilbúin á næsta ári. Áætlað er að það skapist um 10 ný heilsársstörf með þessu verkefni og ljóst að verkefnið mun styrkja og efla ferðaþjónustuna í Vestmannaeyju. Við það að starfsemi Merlin í Eyjum verði hluti af samstarfsaðilum innan Þekkingarsetursins munu jafnaframt skapast tækifæri fyrir Þekkingarsetrið er snýr að aðgengi að þeirri sérfræðikunnáttu sem þar verður að finna og í tengingu við ferða-, markaðs- og kynningarmál Vestmannaeyja.

Lykiltölur úr rekstri

Rekstur Þekkingarsetursins var jákvæður á árinu en hagnaður ársins nam 2,1 milljón. Handbært fé frá rekstri var 11,7 milljónir og var handbært fé í lok árs 64,5 milljónir. Á árinu var eignfærður tölvubúnaður og skrifstofuhúsgögn fyrir 10,1 milljón með 20% fyrningu eða 2 milljónir. Eigið fé og skuldir í lok árs 2017 voru 113 milljónir en langtímaskuldbindingar 32,3 milljónir.

Páll Marvín Jónsson, framkvæmdastjóri




Efri Kleifar, einn af fjórum fundarsölum í Þekkingarsetrinu.

Starfsemin 2017-2018

Skipurit

Starfsemi Setursins skiptist niður á þrjú svið, Kjarnasvið, Stoðsvið og Safnasvið (sjá skipurit). Starfsmenn Þekkingarsetursins á árinu 2017 sem störfuðu á þessum sviðum voru alls ellefu auk sumarstarfmannna hjá söfnunum. Þjónusta við Náttúrustofu Suðurlands vegna samstarfssamnings við Vestmannaeyjabæ fellur undir stoðsvið Þekkingarseturs Vestmannaeyja.



Kjarnasvið

Á Kjarnasviði störfuðu á árinu 2017 auk framkvæmdastjóra, Ester Garðarsdóttir skrifstofu- og þjónustustjóri, Georg Skæringsson Umsjónarmaður- og verkefnastjóri, Haraldur Halldórsson sendill og Guðný Hilmisdóttir ræsting. Eftir flutninginn á Ægisgötu 2 í upphafi árs 2018 höfum við bætt við einni stöðu þjónustufulltrúa í móttöku og aukið við stöðugildi í þrifum. Nýjir starfsmenn sem koma inn 2018 eru Bryndís Bogadóttir þjónustufulltrúi í hálfri stöðu og Jóni Björk Hjörleifsdóttir sem ráðin er í stað Guðnýjar í ræstingu en að auki í umsjón með kaffistofu.

Samhliða flutningi í nýtt húsnæði að Ægisgötu 2 varð jafnframt nokkur breyting á samsetningu leigutaka hjá Þekkingarsetrinu en nýir leigutakar eru KPMG ehf. og Huginn ehf en BDO – endurskoðun sem var í Setrinu á Strandvegi 50 kom ekki með starfsemi sína yfir. Mikil vinna var við gerð samninga við nýja leigutaka og einnig þurfti að skipuleggja sameiginleg rými og ráðast í innkaup á húsgögnum, skrifstofubúnaði og ýmsum öðrum tækjabúnaði fyrir hina nýju aðstöðu.

Arnar Sigurmundsson varaformaður stjórnar var staðgengill framkvæmdastjóra og fór fyrir vinnu við gerð leigusamninga við tímabundið brotthvarf framkvæmdastjóra í febrúar 2018.

Auk þessa starfaði Vignir Skæringsson undir Kjarnasviði en hann vann að framkvæmdum að Ægisgötu 2 og undirbúningi fyrir flutninga Þekkingarsetursins frá Strandvegi 50. Vinna Vignis er því í raun inni í framkvæmdakostnaði S30 ehf dóttur félags Þekkingarsetursins vegna framkvæmda á annari hæð Ægisgötu.

Stoðsvið

Stoðviðið skiptist í þrjár verkefntengdar deildir, Markaðs- og ferðamál, Nýsköpun- og atvinnumál og Rannsóknir og menntamál. Alls starfa fjórir starfsmenn undir sviðinu en þeir eru auk framkvæmdastjóra Hrafn Sævaldsson, Raquel Díaz og Georg Skæringsson. Fjöldmörg verkefni voru unnin á árinu sem tengdust með einum eða öðrum hætti flutningi Setursins í nýtt húsnæði og má þar nefna verkefni eins og hönnun á nýrri heimasíðu og og nýju firmamerki.


Nýtt firmamerki - Farið var í vinnu við að styrkja ímynd Setursins með því að endurbæta kynningarefni og firmamerki ÞSV. Eldra merkið var hannað af framkvæmdastjóra Þekkingarsetursins við stofnun þess en nýja merkið er hannað af Þrúði Óskarsdóttur, grafískum hönnuði. Merkið vísar í eldra merkið sem er klettur sem stendur upp úr hafinu með nafni Þekkingarsetursins og einkunarorðin undir, rannsóknir, menntun, nýsköpun. Merkið var tekið í notkun samhliða flutningsins í hið nýja húsnæði að Ægisgötu 2.



Nýtt firmamerki Þekkingarseturs Vestmannaeyja

Merkingar glerveggja - Þrúður Óskarsdóttir var jafnframt fenginn í að hanna filmur á alla glerveggi þekkingarseturs Vestmannaeyja ásamt því merkja öll rýmin.

ÞEKINGARSETUR VESTMANNAEYJA
Glerveggir Vestanmegin 1.3D



Merkingar glerveggja hannað af Þrúði Óskarsdóttur.



FS Lola bold
MONTSERRAT REGULAR


Páll Marvín Jónsson, framkvæmdastjóri
Sími 481 2696 | pmt@setur.is



Þekkingarsetur Vestmannaeyja
Strandvegur 50 | 900 Vestmannaeyjar
Sími 481 1111 | Fax 481 2699 | setur@setur.is
www.setur.is

Nýtt bréfsefni og annað kynningarefni var endurhannað.

Ný heimasíða - var tekin í notkun í febrúar 2018 en stýrði Raquel Díaz vinnunnin við verkið en uppsetning síðunnar var í höndum Garðars Garðarssonar hjá Vefhönnun.




Ný heimasíða tekin í notkun í febrúar 2018.

Markaðs- og ferðamál

Fyrir ferðapjónustuna var unnið að fjölmörgum verkefnum sem tengdust bæði markaðssetningu og upplýsingagjöf. Mikil vinna var lögð í hönnun og greinaskrif fyrir nýja heimasíðu Visit Vestmannaeyjar sem var opnuð nú í apríl. Heimasíðan er hinn opinberi upplýsingavefur fyrir ferðapjónustuna í Vestmannaeyjum. Gert var samkomulag við Verslunarmannafélagið í Vestmannaeyjum að sú verslun sem er í boði í Eyjum hafi einnig möguleika á að auglýsa sig á vefnum. Þekkingarsetrið var með verkumsjón verkefni sem fékk nafnið EY og snýr að ímyndunarsköpun og vörumerkjaþróun fyrir Vestmannaeyjabæ. Verkefnið var sett á bið og er verið að skoða næstu skref. Innan Ey - verkefnisins var unnið kynningarmyndband sem er ætlað að kynna Vestmannaeyjar sem íprótttaeyju og gert vef tímarit sem átti að ýta undir jákvæða umræðu umsveitafélagið. Einnig var hannaður og gefinn út „Flyer“ fyrir ferðapjónustuna, gerðar áfangastaðalýsingar fyrir Áfangastaðaáætlun eða DMP („Destination Management Planning“) og unnið að gerð á korti sem dekkar Miðsvæði Suðurlands og Vestmannaeyjar. Gert var samkomulag við Pennann um að þar væri Upplýsingapjónusta fyrir ferðamenn í Vestmannaeyjum. Í samstarfi við fyrirtækið Rannsóknir & Ráðgjöf könnun á viðhorfi ferðamanna og íbúa Vestmannaeyja á ferðapjónustunni í Vestmannaeyjum uppfærð og allt árið 2016 tekið inn, uppfærða skýrslu má finna á heimasíðu Þekkingarsetursins.

Undir lok ársins samþykkti Vestmannaeyjabær að ganga inn í Markaðsstofu Suðurlands og hefur þekkingarsetrið annast innleiðingu Sveitafélagsins og Ferðamálasamtaka Vestmannaeyja.

Það er ánægjulegt að segja frá því að tvö hönnunarverkefni undir verkefnastjórn Þekkingarsetursins fengu hin virtu FÍT verðlan á starfsárinu en það var Þrúður Óskarsdóttir fyrir hönnun á firmamerki SASS árinu 2016 og Brandenburg fyrir hönnun á vef tímaritinu EY.



Bæklingur eða Flyer fyrir Vestmannaeyjar, ný heimasíða fyrir Visitvestmannaeyjar, EY vef tímarit og kynningarmyndband á íprótttaaðstöðunni í Vestmannaeyjum.

Nýsköpun- og atvinnumál

Flest verkefni sem falla hér undir eru unnin í tengslum við eða eru hluti af þjónustusamningi Þekkingarsetursins við Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga. Hér má nefna teymisstjórnun yfir atvinnuþróun og nýsköpun með atvinnuráðgjöfum á Suðurlandi. Einnig er um að ræða upplýsingagjöf, aðstoð við gerð umsókna, þróun verkefna, yfirlestur umsókna, gerð samninga og eftirfylgni og stuðningur með verkefnum í tengslum við Uppbyggingarsjóð Suðurlands.

Unnið var að gerð þjónustukönnunar fyrir Suðurland í samstarfi við Byggðastofnun en könnunin kom út í apríl og er aðgengileg á vefsíðu Byggðastofnunar. Jafnframt var unnið að umfangsmikilli íbúakönnun fyrir Suðurland í samstarfi við Samtök Sveitafélaga á Vesturlandi, skýrsluna er hægt að nálgast á heimasíðu SASS.

Hér eru dæmi um nokkur þeirra verkefna sem tekið var þátt í á árinu:

1. Unnið að gerð vefs sem gengur undir nafninu investinsouth
2. Skýrsla um þróun atvinnulífs og samfélagsins í Eyjum.
3. Ýmis rekstarráðgjöf eins og aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja, samskipti við fjármálastofnanir og rekstaraðstoð.
4. Skoða rekstrargrundvöll fyrir Bakkaflug
5. Aðstoð við gerð þjónustukönnun vegna Herjólfss
6. Skoska leiðin í flugi – unnið að framgangi verkefnisins og gerð skýrslu og málþings
7. Unnið með stýrihóp á vegum Vestmannaeyjabæjar sem var ætlað að finna leiðir til að efla flugvöllinn í Eyjum.

Ýmis verkefni og rannsóknir

Háhyrningarrannsóknir – Rannsóknir á háhyrningum við Íslandsstrendur og þá séstaklega á sumrin í Vestmannaeyjum eiga orðið nokkuð langa sögu og skilað af sér umfangsmiklum gagnabanka. Á síðasta ári hófst nýtt verkefni sem byggir á þessari vinnu en verkefnið er m.a. unnið í samstarfi the Icelandic Orca project, Hafrannsóknastofnun, Earthwatch og Þekkingarsetur Vestmannaeyja. Verkefnið er styrkt af RANNÍS með aðkomu Earthwatch sem leggja m.a. til sjálfboðaliða til verkefnisins. Sumarið 2017 var fyrsta árið í þessu tiltekna verkefni en styrkurinn nær til þriggja ára. Hægt er að fylgjast með verkefninu á heimasíðu ICELANDIC ORCA PROJECT.



Miðstöð háhyrningarrannsókna í Þekkingarsetri Vestmannaeyja (Myndin er fengin frá heimasíðu „The ICELANDIC ORCA PROJECT“).

The Beluga Project – Markmið verkefnisins er að Klettsvík verði einskonar gríðarstaður fyrir mjaldra. Undirbúningi verkefnisins er nú lokið og eru þegar hafnar framkvæmdir við gerð laugar í landi og aðstöðu fyrir til að halda mjöldrunum í Klettsvíkinni. Fyrirtækið Merlin Entertainments á mjaldrana og stendur fyrir flutningi dýranna og tilheyrandi framkvæmdum. Gert er ráð fyrir að verkefnið verðið rekið undir merkjum Sea Life Trust sem verður ekkir rekið í hagnaðarskyni. Um er að ræða gríðarstóra fjárfestingu en samhliða því að annast mjaldrana mun Sea Life Trust jafnframt byggja fiskasafn og reka í tengslum við gestastofu fyrir mjaldrana. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum verið lokið snemma á næsta ári og að mjaldrarnir verði þá fluttir til Eyja. Áætlað er að með verkefninu komi 10 ný stöðugildi til Vestmannaeyja en mun þá fiskasafnið að Heiðarvegi 12 leggjast af.



Í Klettsvík verður gríðarstaður fyrir mjaldra og framkvæmdir eru hafnar á nýju fiskasafni sem jafnframt mun hafa að geyma laug fyrir mjaldrana þegar veður eru vond.

Safnasvið

Sæheimar - Fiskasafn

Gestir og opnunartími

Alls komu 19.512 gestir á Sæheima – Fiskasafn árið 2017. Þar af voru fullorðnir gestir 12.652 talsins (þar af 3.843 Íslendingar og 8.809 erlendir gestir). Börn voru samtals 6.860 (þar af 4.928 íslensk börn og 1.932 erlend). Þetta eru álíka fjöldi og heimsóttu safnið árið 2016. Hér áður fyrr voru börn um helmingur gesta safnsins en eru nú aðeins rúmur þriðjungur. Munurinn liggur helst í auknum fjölda fullorðinna erlendra gesta.

Opnunartími

Safnið var opið daglega, kl. 10-17, frá 1. maí til 1. október. Yfir vetrartímamann var opið á laugardögum frá klukkan 13-16 en einnig eftir samkomulagi á öðrum tímum. Þegar Herjólfur siglir til Landeyjarhafnar eru fleiri ferðamenn í Eyjum yfir vetrartímamann en ella og því höfum við safnið opið eina til tvær klukkustundir á dag þegar svo er. Í apríl og október voru ferðamenn að sækja safnið heim, en yfir háveturinn eru þeir örfáir.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir var 1.200 kr. fyrir 18 ára og eldri og 850 kr. fyrir hópa (10+) og eldri borgara. Börn á aldrinum 10 til 17 ára greiddu 500 krónur í aðgangseyri, en frítt er fyrir þau í skólahópum. Frítt var fyrir 9 ára og yngri. Boðið var upp á sameiginlegan safnapassa með Sagnheimum og Eldheimum.

Starfsmenn

Margrét Lilja Magnúsdóttir var í 75% starfi sem safnstjóri. Örn Hilmisson var í um 30% starfi og vinnur við ýmis verkefni auk afgreiðslu. Georg Skæringsson er í 30% starfi sem umsjónarmaður safnsins. Aðrir starfsmenn í sumarvinnu voru Guðrún Jóhannesdóttir, Evelyn C. Bryner, Guðný Hilmsdóttir, Gígja Óskarsdóttir, Victoria Ayn Pethypiece. Auk þeirra voru nokkrir ungir hjálparkokkar sem hjálpuðu til á safninu við að gefa dýrunum og fræða ferðamenn.

Sýningar og viðburðir

Aðaláhersla Sæheima er sýning á lifandi fiskum og öðrum sjávarlífverum, sem er komið fyrir í 12 sjókerum. Um 30 metra djúp borhola er utan við safnið og upp úr henni er dælt mörg þúsund lítrum af sjó daglega og er því stöðugt gegnumstreymi af hreinum sjó í búrum safnsins. Einnig eru á safninu fuglasafn, steinasafn, skordýrasafn, skeljasafn og eggjasafn auk annarra náttúrugripa.

Við höfum þrjá lunda í Sæheimum, sem var bjargað sem pysjum og var ekki sleppt því þeir geta ekki spjarað sig úti í náttúrunni. Gestir safnsins fá tækifæri til að hitta einn af þessum lundum er þeir heimsækja safnið. Lundarnir eru eitt helsta aðdráttarafli safnsins, sérstaklega þó lundinn Tóti sem er þeirra elstur og er orðinn nokkuð frægur.

Um Safnahelgi Suðurlands 2017 var ljósmyndasýning í öllum sölum safnsins. Um var að ræða ljósmyndir sem teknar voru í tengslum við pysjueftirlit Sæheima. Teknar voru ljósmyndir af flestum þeim sem komu með pysjur í eftirlitið. Heildarfjöldi mynda var um 1.600 talsins, þar af voru um 800 þeirra prentaðar út.

Pysjueftirlit

Eitt af stæstu verkefnum Sæheima er hið svokallaða pysjueftirlit. Þá koma þeir sem finna pysjur í bænum með þær á safnið, þar sem þær eru vigtaðar og vængmældar áður en þeim er sleppt á haf út. Þetta var fimmtánda árið sem pysjueftirlitið fór fram og voru krakkarnir í bænum dugleg að koma með pysjurnar sínar



til okkar. Eftirlitið er að gefa okkur mjög góðar og dýrmætar upplýsingar um fjölda og ástand pysjanna ár hvert. Alls var komið með 4.814 pysjur árið 2017 og er það mesti fjöldi frá upphafi pysjueftirlitsins.

Í september fengum við góðan liðsauka, sem var Karen Lynn Velas. Hún kenndi okkur nýjar og betri aðferðir við að hreinsa olíublautar pysur og kom það sér mjög vel því að óvenjumargar lundapysjur lenntu í olíu í höfninni og þurftum við að hreinsa þær áður en hægt var að sleppa þeim.

Gjafir frá sjómönnum

Sjómenn komu færandi hendi eins og fyrri ár. Þeir færðu safninu lifandi fiska, krabba og sjávarlífverur af ýmsu tagi. Það er frábært fyrir safnið að fá slíkar gjafir. Áhöfnin á Drangavík VE var sérstaklega dugleg að færa safninu gjafir.

Bæjarbúar eru einnig meðvitaðir um að koma með óvenjuleg dýr sem þeir finna og dýr sem eru slösuð eða hjálpar þurfi.

Styrkir

Safnið fékk 400.000 króna rekstrarstyrk frá Safnaráði og 600.000 krónur í verkefnastyrk til að kaupa afnotarétt af teikningum Jóns Baldurs Hlíðberg og er það mikill happafengur fyrri safnið. Uppbyggingarsjóður Suðurlands veitti Sæheimum 400.000 króna styrk til að vinna áfram að verkefninu "Lundapysjur í Vestmannaeyjabæ". Byggist verkefnið á pysjueftirliti Sæheima og er m.a. fólgið í sýningu um Safnahelgi á ljósmyndum frá pysjueftirlitinu og nákvæmu korti yfir fundarstaði lundapysja.

Lundarnir

Nokkrir lundar eiga heimili hjá okkur í Sæheimum. Var þeim bjargað sem pysjum en ekki hægt að sleppa þeim, því þeir spjara sig ekki í náttúrunni. Gestir safnsins fá tækifæri til að hitta einn af þessum lundum er þeir heimsækja Sæheima. Lundarnir eru eitt helsta aðdráttarafli safnsins, sérstaklega þó lundinn Tóti sem er þeirra elstur og er orðinn nokkuð frægur. Margir gesta okkar koma sérstaklega til að hitta hann eftir að hafa lesið um hann á netinu eða frétt af honum frá öðrum ferðamönnum.



Áhugi ferðamanna á lundunum sem er að fanna á safninu er gríðarlegur

Viðurkenning


Í júní fengum við senda viðurkenningu frá Trip Advisor eða „Certificate of Excellence 2017“. Þessi viðurkenning er veitt vegna fjölda góðra umsagna frá gestum safnsins. Fengum við send viðurkenningarskjöl til að setja í ramma og hengja upp en einnig límmiða til að setja á gler. Það er auðvitað alltaf gaman að fá viðurkenningar fyrir vel unnin störf og erum við stolt af því að hafa fengið allar þessar góðu umsagnir.



Sæheimar á instagram

Stofnaður var instagram aðgangur fyrir Sæheima og erum við þar fyrst og fremst að setja inn myndir af lundunum okkar og myndir frá pysjueftirlitinu. Þarna náum við einna best til erlendra gesta, sem vilja gjarnan fylgjast með starfinu, eftir að hafa heimsótt safnið.

Ein af þeim myndum sem vöktu hvað mesta athygli var samsett mynd sem við settum inn af olíublautri lundapysju fyrir og eftir hreinsun hennar.





Sagnheimar, byggðasafn

Gestir og opnunartími

Árið 2017 komu 4.976 gestir í Sagnheima, byggðasafn, þ.a. voru Íslendingar, 3.335 eða 67 % og erlendir gestir 1.641 eða 33%. Börn voru 785 eða 16% gesta en auk þess komu 578 börn og ungmenni eða 11,6% á vegum skóla.

1. maí – 30. september var opið daglega frá kl. 10 – 17 og á öðrum árstímum var síðan opið á laugardögum frá klukkan 13:00 – 16:00 og eftir samkomulagi. Skólar og ýmsir hópar hafa nýtt sér vetrartímann til heimsóknna, kennslu og margvíslegrar verkefnavinnu.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir inn á safnið er 1.000 krónur fyrir 18 ára og eldri, eldri borgarar og öryrkjar borga 750 krónur en frítt er fyrir börn. Hópar (10+) borga 750 krónur á mann. Einnig var boðið upp á sameiginlegan safnapassa með Sæheimum og Eldheimum.

Starfsmenn

Helga Hallbergsdóttir safnstjóri var í 100% starfi en auk þess komu Georg Skæringsson tæknistjóri, 15%, og Páll Marvin Jónsson framkvæmdastjóri, 25%, að ýmsum verkefnum. Gígja Óskarsdóttir þjóðfræðingur kom inn í afleysingar og sumarstörf auk verkefnavinnu og Stefán Gíslason tók einnig nokkrar afleysingavaktir.

Sýningar, rannsóknir, útgáfur og viðburðir

Litlar breytingar voru gerðar á föstum sýningum safnsins að öðru leyti en því að bætt var við eða skipt út munum, s.s. botnvörpulíkani á bryggjusvæði. Ein farandsýning Ég fæ ekki af mér að flýja af hólmi, var fengin frá Þjóðminjasafninu í samvinnu við Grunnskóla Vestmannaeyja. Ein sérsýning var sett upp í Pálsstofu, Stóllinn hans Kjartans, í samvinnu við ljósmyndasafnið. Framlag Sagnheima í sameiginlegri jólasýningu Safnahúss var sýning jólakerta úr einkasafni Viktors Hjartarsonar.

Í maímánuði gáfu Sagnheimar ásamt Safnahúsi út bók Más Jónssonar sagnfræðings, Fyrirfundnir fémunir í Vestmannaeyjum á fjórða áratug 19. aldar. Í bókinni nýtir Már áður ónýttar heimildir um brauðstrit fólks á örðugum tímum í Vestmannaeyjum.



Sagnheimar stóðu ásamt öðrum söfnum Safnahúss að 41 viðburði á árinu af margvíslegu tagi, leiksýninga, tónleika, málþinga, sögustunda, bókakynninga og margt fleira sem sjá má nánar hér: <http://sagnheimar.is/skrar/file/skjol/vidburdir-safnahuss-2017.pdf>.

Móttaka muna, skráning og varðveisla

Árið 2017 voru skráð 21 ný gjöf í aðfangaskrá safnsins og eru nokkrir munir á bak við sum númerin. Geymslur safnsins eru nú á tveimur stöðum, í kjallara Safnahúss og á lofti Miðstöðvar, þar sem áhersla hefur verið lögð á stærri og grófari hluti. Miklu Grettistaki hefur verið lyft í skráningu og umbúnaði gripa en betur má ef duga skal.

Styrkir

Sagnheimar hlutu 400.000 kr. í rekstrarstyrk frá Safnaráði auk verkefnastyrks, 500.000 kr. Sagnheimar ásamt fleiri söfnum á Suðurlandi skrifuðu í desember undir samning um styrk frá SASS, allt að 500.000 kr. til hönnunar á fræðsluefni fyrir söfn og sýningar í samstarfi við skóla.

Markmið Sagnheima er koma áfram að helstu menningarviðburðum samfélagsins, ýmist sjálfstætt eða í samvinnu við aðra. Fræðsla og samstarf við skóla á öllum stigum og fræðimenn er mikilvægur þáttur starfsins. Áhersla er lögð á að setja upp minni sýningar tímabundið eða að fá farandsýningar lánaðar til að auka breidd í miðlun safnsins. Mikilvægt er að koma munum safnsins öllum í rafræna skráningu í Sarpi þannig að þeir verði sýnilegir almenningi hvar sem er og þar með megi nýta þá til frekari rannsókna og miðlunar.



Lokaorð

Í lok árs 2017 lauk stórum áfanga í sögu Þekkingarseturs Vestmannaeyja þegar framkvæmdum við nýja aðstöðu á annari hæð að Ægisgötu 2 var lokið. Strax á fyrsta vinnudegi ársins 2018 var hafist handa við að flytja starfsemi Setursins og samstarfsaðila yfir í hina nýju aðstöðu. Það var síðan vel við hæfi að opna aðstöðuna með viðhöfn þann 26. febrúar 2018 en Þekkingarsetrið var stofnað fyrir um 10 árum síðan eða þann 23. janúar 2008.

Á opunarathöfninni fór Arnar Sigurmundsson varaformaður stjórnar yfir það hverjir komu að framkvæmdinni og er því óþarfi að fara yfir það hér en þess í stað fylgja hér nokkrar myndir bæði frá framkvæmdatímanum og opnuninni og svo frá starfinu sjálfu.







Vestmannaeyjum, 30. apríl 2018

Páll Marvin Jónsson

Framkvæmdastjóri



Þekkingarsetur Vestmannaeyja

RANNSÓKNIR · MENNTUN · NÝSKÖPUN
